

## Skýrsla stjórnar á aðalfundi, 26. maí 2010

Hörður Sigurgestsson

Góðir fundarmenn!

Ég leyfi mér að setja aðalfund Landskerfis bókasafna fyrir árið 2010 og býð ykkur velkomin til þessa aðalfundar.

Ég legg til að Erla S. Árnadóttir hrl. verði kjörinn fundarstjóri. Ef ekki eru aðrar tillögur, þá er hún réttkjörin og tekur við stjórn fundarins.

### Skýrsla stjórnar

Landskerfi bókasafna hf. var stofnað í nóvember 2001. Þetta er níundi aðalfundur félagsins, en síðasti aðalfundur var haldinn 4. júní 2009. Rekstur félagsins er samstarfsverkefni ríkisins og sveitarfélaganna í landinu. Í samþykktum félagsins segir “Tilgangur félagsins er að reka sameiginlegt upplýsinga- og skráningarkerfi fyrir bókasöfn á Íslandi og veita bókasöfnum landsins sérfræðipjónustu í bókasafnsfræðum”. Rétt er að rifja upp að upplýsingakerfið sem starfsemi Landskerfisins byggist á heitir Aleph 500, og er í eigu fyrirtækisins Ex Libris, en heitir svo Gegnir í okkar útgáfu. Þýðingarmiklir áfangar hafa náðst í rekstrinum á undanförunum árum og þjónustan er öflugri en hún var í upphafi. Rekstur kerfisins er í góðu horfi.

Mikilvægt má telja að halda í við tækniþróun í umhverfi bókasafna. Stjórn og framkvæmdastjóri hafa lagt áherslu á hvert skuli stefna til að styrkja upphaflega markmiðið og fylgja eftir þeirri öru þróun, í þeim löndum sem við viljum bera okkur

saman við. Niðurstaðan varð sú að félagið ætti að koma á laggirnar Sambættri leitarvél fyrir Íslands þaðan sem hægt væri að leita samtímis í gegnum eina tölvugátt, annars vegar í Gegni og í fyrirbyggjandi stafrænu íslensku efni, og hins vegar í erlendum áskriftum að Landsaðgangi (<http://hvar.is/>).

Konunglega bókasafnið og Danski Tækniháskólinn í Kaupmannahöfn, sem rekið höfðu slíka leitarvél um tveggja ára skeið, buðu til samstarfs um að útbúa frumgerð að íslenskri leitarvél á grunni hinnar “dönsku” leitarvélar. Var það verk unnið á fyrri hluta árs 2009. Danska leitarvélin byggir á svonefndum Primo hugbúnaði frá Ex Libris, sem er nýr hugbúnaður sem hefur verið á markaði nú í fá ár. Má segja að hin nýi hugbúnaður bætist ofan á eldri hugbúnaðinn, Aleph 500, sem sameiginlega opnar miklar leitarviðáttur. Má segja að Primo með sínum hætti efli og auki við Aleph 500.

Tilraunarekstur á íslensku leitarvélinni á síðasta sumri svaraði væntingum, og var ákveðið á síðastliðnu hausti að láta reyna á að koma upp íslenskri leitarvél. Gerð fjárfestingar- og rekstraráætlunar leiddi í ljós, að fjárfesting mundi verða um 50 milljónir króna og að rekstrarkostnaður Landskerfis myndi hækka á ári um 22 milljónir króna. Ljóst var, að ekki mundi við þáverandi kringumstæður unnt að ráðast í þessa framkvæmd í einu lagi. Var því ákveðið að skipta verkefninu í tvennt. Fyrri hlutinn yrði að setja Gegni og önnur íslensk gagnasöfn inn í leitarvélina. Síðari áfanginn, Landsaðgangurinn, kæmi síðar. Gengið var til samninga við Ex Libris og Konunglega bókasafnið um kaup og innleiðingu á Primo hugbúnaði. Stofnkostnaður við fyrri hlutann var haustið 2009 metinn á 30 milljónir króna og árlegur rekstrarkostnaður metinn á um 8 milljónir króna. Ákveðið var, að stofnkostnaður yrði greiddur með framlagi úr sjóði félagsins og myndi koma til greiðslu á árunum 2010 og 2011. Tekjur félagsins munu standa undir árlegri viðbót á rekstrarkostnaði. Á það

að nást með breyttum áherslum og hagræðingu. Þessi áform um nýjan þátt í rekstrinum voru kynnt með bréfi til hluthafa í Landskerfi bókasafna hf. dagsettu 30. nóvember 2009.

Framvindu við leitarvélina miðar vel áfram. Má gera ráð fyrir, að hægt verði að opna fyrstu útgáfu íslensku samleitarvélarinnar snemma á árinu 2011. Með Samþættri leitargátt fyrir Ísland verður fjölbreytilegur safnkostur bókasafna og ýmis stafræn söfn leitarbær frá einum stað og til muna aðgengilegri landsmönnum en nú er. Hægt verður að bjóða upp á árveknipjónustu, gagnvirka upplýsingamiðlun, nútímalegt leitarumhverfi og ótalmargt fleira, sem í dag telst eðlilegur hluti upplýsingapjónustu. Þetta samrýmist stefnu íslenskra stjórnvalda, ríkisins og og margra sveitarfélaga í upplýsingamálum, og er í takt við tækniþróun á vettvangi bókasafna á Norðurlöndunum og víðar.

Síðan upphaflegu kostnaðaráætlanirnar um leitarvél voru gerðar á síðari hluta árs 2009 hafa margar forsendur breyst. Tæknilegum möguleikum hefur fleygt fram og nýir kostir komið á markað, sem hefur áhrif á verðlag, sem hefur lækkað verulega. Líkur eru nú á því, að hægt væri að taka Landsaðgang inn í leitarvélina með einfaldari hætti og á skemmri tíma en áður var talið. Er tímabært nú þegar að skoða málið á nýjan leik.

Vægi efnis á rafrænu formi í safnkosti bókasafna eykst ár frá ári. Þetta á ekki síst við um háskóla- og rannsóknarbókasöfn, sem eru áskrifendur að rafrænum tímaritum. Frá árinu 2006 hefur félagið rekið svokallað SFX tenglakerfi, sem auðveldar leit að rafrænum greinum og tímaritum, sem bókasöfn eru með áskrift að. Haustið 2009 réðst félagið í að uppfæra SFX í öflugri útgáfu hugbúnaðarins SFX

Classic. Hluti af innleiðingunni var námskeið, sem starfsmaður Ex Libris hélt fyrir háskólabókasöfn, sem nota SFX. SFX auðveldar notendum lífið með því að vísa þeim skemmstu leið að heildartexta rafrænna áskrifta, og öðrum þjónustum s.s. millisafnalánum. Líkja má SFX við símsstöð, sem móttækur innhringingu og tengir notanda áfram til að samband fáið við réttan viðtakanda. Skorti til þess heimild að gefa samband við viðtakanda, þá aðstoðar símsstöðin notanda við næstu skref. Innleiðing SFX Classic var unnin sem samstarfsverkefni Landskerfis bókasafna og Landsaðgangs, en áskriftir í Landsaðgangi eru hornsteinninn í aðgengi landsmanna að rafrænum tímaritum og greinum.

Millisafnalán felur í sér, eins og nafnið gefur til kynna, lán á bókum eða öðrum gögnum á milli safna. Fást bækur eða gögn, sem notandi safns á ekki aðgang að heima fyrir að láni frá öðru safni eftir ákveðnu kerfi. Fyrir hendi er nýr og fullkomnari millisafnalánþáttur í Gegni sem nú er unnið að að taka í notkun.

Mikil breyting er á nýja millisafnalánþættinum í samanburði við þann gamla. Auk nýs viðmóts gjörbreytast verkferlar og vinnsla og sjálfvirkni eykst. Innleiðingin er flókin og tímafrek og krefst mikils samstarfs við þau bókasöfn, sem í dag veita millisafnalánþjónustur. Þessi vinna er í þremur þáttum og er stefnt að fyrsta áfanga ljúki haustið 2010.

Á þessu ári er unnið að fjölda annarra verkefna, sem gera notkun Gegnis einfaldari og notendavænni.

Alefli, sem er félag notenda Gegnis, gætir hagsmuna notenda kerfisins. Samskipti við félagið voru góð á árinu. Árlega er haldinn samskiptafundur með stjórn félagsins þar sem skiptst er á skoðunum, sagt er frá áætlunum og farið yfir helstu hagsmunamál.

Í lok apríl 2010 voru tæplega 958 þúsund titlar skráðir í Gegni, en rúmlega 4,7 milljónir eintaka. Á sama tíma fyrir ári síðan námu titlar í kerfinu um 883 þúsundum, en eintakafjöldi var þá innan við 4,2 milljónir eintaka. Fjöldi útlána hefur verið með áþekkingu hætti og á síðasta ári.

Á árinu 2009 voru rekstrartekjur 101,3 mkr, en fjárhagstekjur 9,8 mkr. Heildartekjurnar voru því 111,1 mkr. Árið 2008 voru rekstrartekjurnar 85,1 mkr, en fjárhagstekjurnar 12,7 mkr, Heildartekjur árið 2008 námu því 97,8 mkr, sem þýðir að hækkun á milli ára er um 13,5%.

Heildarhagnaðurinn árið 2009 varð 14,5 mkr, en var 10,4 mkr árið áður.

Þetta er til muna betri afkoma, en lagt var upp með. Þjónustusamningarnir við söfnin eru verðtryggðir, sem þýddi í þetta sinn meiri hækkun tekna, en upphaflega var áætlað vegna meiri verðbólgu. Þjónustusamningum á árinu fjölgaði um þrjá. Á hinn bóginn varð kostnaður minni en áætlað var í byrjun árs, þar sem efnahagsástand og starfsumhverfi varð til þess, að mjög var hægt á áformum og þeim frestað.

Eigið fé var í árslok 2009 122,0 mkr. Það hafði hækkað um 15,1 mkr, eða sem nemur hagnaðinum 14,6 mkr, og hlutafjárölu til tveggja nýrra hluthafa að upphæð samtals 0,5 mkr.

Afskriftir voru á sama grunni og áður, en í upphafi fyrirtækisins var ákveðið að afskrifa kaup á kerfum og uppsetningu á átta árum. Í aðalatriðum hefur verið haldið við þá stefnu, að allur upphaflegi kostnaðurinn vinnist til baka á átta árum. Fyrir þremur árum var ákveðið að lengja þann part, sem eftir var á grunni 10 ára. Af

Þessum tíma eru tvö ár eftir. Hugmyndin var, að hægt væri að endurnýja búnaðinn á tímabilinu eða að lokum þess. Til þess hafði ekki komið í árslok 2009, en skýrir í efnahagsreikningi liðinn handbært fé að upphæð 99,4 mkr. Þrjátíu milljón króna fjárfesting í leitarvél mun koma af þessum lið á árinu 2010 og 2011 við eflingu búnaðar Landskerfis.

Hluthöfum félagsins fjölgaði um tvo á árinu 2010, er Flóahreppur og Svalbarðsstrandahreppur bættust í hóp hluthafa. Hluthafar voru 53 í árslok. Þá áttu tveir hluthafar, eins og áður, yfir 10% hlut í félaginu. Er hlutur íslenska ríkisins tæplega 52%, en Reykjavíkurborgar 20,4%.

Framkvæmdastjóri félagsins, Sveinbjörg Sveinsdóttir, mun gera ítarlegri grein fyrir ársreikningnum hér á eftir.

Síðla árs 2009 sagði Nýherji upp húsaleigusamningi við Landskerfi bókasafna hf. í Borgartúni 37, þar sem félagið hefur verið til húsa frá upphafi. Skýringin var sú, að Nýherji þurfti sjálfur á húsnæðinu að halda. Þann 17. febrúar þessa árs, undirritaði Landskerfi bókasafna húsaleigusamning við Höfðatorg ehf. um leigu húsnæðis í lágbyggingu við Höfðatorg að Höfðatúni 2. Samningurinn gildir til 28. febrúar 2016.

Hugmyndin og frumkvæðið að Landskerfi bókasafna hf. varð til í menntamálaráðuneytinu fyrir um tíu árum síðan. Hlutur ríkisins í félaginu hefur allt frá upphafi heyrt undir menntamálaráðuneytið, en ríkið á ráðandi hlut í félaginu. Á síðasta ári var mörkuð sú stefna að framvegis skyldi öll hlutafjáreign íslenska ríkisins heyra undir fjármálaráðuneytið. Þar með flutti Landskerfið undir forsjá þess

ráðuneytis á síðasta ári. Góð samskipti við menntamálaráðuneytið eru þökkuð og horft er til góðra samskipta við fjármálaráðuneytið.

Samstarf félagsins við erlenda aðila um tæknileg málefni hefur verið vekjandi, og þýðingarmikill liður í að fóta sig á tæknisviðinu. Víst er að Primo, SFX og nýir kerfisþættir í Gegni vísi veginn að því sem koma skal. Hugbúnaðarframleiðendur vinna nú að næstu kynslóð bókasafnskerfa byggt á reynslu sinni og kröfum notenda um öflugri lausnir. Innan nokkurra ára má búast við að ný kerfi verði komin á markaðinn sem geti tekið við af Gegni. Við þróun nýrra kerfa er stefnt að því að einfalda verkferli bókasafna allt frá öflun upplýsinganna til afhendingar til endanlegs notanda. Með því má ná fram margvíslegri hagræðingu og auðvelda aðgengi viðskiptavina að safnkosti. Þróunin tekur mið af breytingum, sem hafa orðið á safnkosti bókasafna, en þar bætist stöðugt við rafrænt efni, sem notendur geta fengið aðgang að á netinu. Ný þekking í upplýsingatækni og miðlun upplýsinga á netinu, eru mikilvægur drifkraftur í þróun næstu kynslóðar bókasafnakerfa. Það er markmið félagsins að verða tilbúið, þegar að því kemur, að takast á við þetta verkefni.

Í upphafi máls var rifjað upp að skráð markmið félagsins Landskerfis bókasafna hf sé að “reka sameiginlegt upplýsinga- og skráningarkerfi fyrir bókasöfn á Íslandi og veita bókasöfnum landsins sérfræðiþjónustu í bókasafnsfræðum”. Með hliðsjón af þeim áföngum, sem hafa náðst á undanförunum árum og þeirri þróun, sem hefur orðið á vettvangi upplýsingamiðlunar, telur sá er hér stendur tímabært að setja félaginu ný markmið til að takast á við þá framtíð sem við blasir. Á tíu ára afmæli félagsins væri það verðugt viðfangsefni, að slík endurskoðun færi fram með tilheyrandi stefnumótun.

Góðir fundarmenn!

Ég vil að lokum þakka hluthöfum fyrir samstarf og stuðning. Ég vil þakka framkvæmdastjóra Sveinbjörgu Sveinsdóttur, fyrir allt hennar starf og hlut í að þróa félagið. Ég vil þakka starfsmönnum fyrirtækisins fyrir þeirra þýðingarmikla framlag. Ég vil þakka Alefli fyrir hreinskiptið samstarf.

Ég hef setið í þessari stjórn síðan 2003 eða í sjö ár, og læt nú af störfum af eðlilegum ástæðum. Ég vissi næsta lítið um þetta allt saman, þegar ég kom inn, en starfið að málefnum félagsins hefur verið skemmtilegt, ögrandi og gefandi. Framkvæmdastjóra og stjórnarmönnum þakka ég einstaklega uppbyggilegt samstarf sem hefur skilað árangri. Ég þakka fyrir mig og óska ykkur góðs gengis.

Takk fyrir.

HS/SS/26/05/2010